

STARFSSKÝRSLA 2015

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA



Bjarneyjar á Breiðafirði

Mynd: Trausti Baldursson

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	3
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	4
Starfsemi á árinu 2015	6
Umsögn um erindi.....	6
Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019	6
Áform um aukna þörungatekju úr Breiðafirði	6
Samráðsfundur vegna hugmynda um svæðisskipulag.....	6
Örnefna og fornminjaskráningar.....	7
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	7
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	7
Saga Breiðafjarðar, 2. bindi.....	8
Vettvangsferð.....	8
Önnur mál	8
Viðaukar	9
VIÐAUKI – I.....	10
VIÐAUKI – II	21
VIÐAUKI – III.....	25

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar. Nefndin skal skv. 4. gr. laganna gefa umhverfisráðherra árlega skýrslu um störf sín.

Vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 210. gr. laga nr. 126/2011 á þann veg að í stað orðsins „umhverfisráðherra“ í 3. gr., tvívegis í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: ráðherra, og í stað orðsins „Menntamálaráðherra“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Ráðherra er fer með málefni menningarminja.

Vegna fullgildingar Árósasamningsins var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt með 22. gr. laga nr. 131/2011 þannig að við 6. gr. laganna bættist ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvarðanir sem Umhverfisstofnun tekur og varða veitingu, endurskoðun eða afturköllun leyfis samkvæmt þessari grein sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Með nýjum sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, 134. gr., var lögum um vernd Breiðafjarðar breytt þannig: Í stað orðanna „Héraðsnefndir Dalasýslu, Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu og Snæfellinga tilnefna einn fulltrúa hver“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára í senn. Núverandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 10. október 2012.

Eftirfarandi fulltrúar sitja í Breiðafjarðarnefnd:

- Halla S. Steinólfsdóttir bóndi, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir landfræðingur.
- Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Þórólfur Halldórsson sýslumaður.
- Eiríkur Snæbjörnsson bóndi, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Signý Magnfríður Jónsdóttir bóndi.
- Sigurður Þórólfsson bóndi, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Hugrún Hjartardóttir bókavörður.
- Erla Friðriksdóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Ásgeir Gunnar Jónsson byggingameistari.
- Trausti Baldursson forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Róbert A. Stefánsson forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson minjavörður, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur.

Pálmi Freyr Sigurgeirsson gengdi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar framan af árinu 2015, en Theódóra Matthíasdóttir tók við af honum 1. september 2015.

Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sex nefndarfundi á árinu 2015 og voru fimm þeirra haldnir í Stykkishólmi en einn fundur í Sjávarsmiðjunni á Reykhólum.

Auk hefðbundinna nefndarfunda funduðu Halla S. Steinólfsdóttir formaður og Guðríður Þorvarðardóttir með Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra þann 19. febrúar og kynntu henni verndaráætlun Breiðafjarðar. Halla S. Steinólfsdóttir fundaði einnig með sérfræðinganefnd á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna áforma um aukna þang- og þaratekju í Breiðafirði. Fór sá fundur fram í Búðardal 2. nóvember 2015. Breiðafjarðarnefnd fundaði með sveitarfélögum við Breiðafjörðinn þar sem hugmyndir nefndarinnar um stækkun verndarsvæðisins voru kynntar og falast eftir samstarfi um gerð svæðisskipulags fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Fundurinn fór fram á Reykhólum þann 3. nóvember 2015.

Auk ofangreinds sat ritari Breiðafjarðarnefndar á fundi um þörungatekju á Breiðafirði, á Ráðhúsloftinu í Stykkishólmi þann 12. nóvember. Á fundinn boðaði bæjarstjóri Stykkishólms í samstarfi við Hafrannsóknastofnun Íslands. Á fundinum sátu fulltrúar Hafró, Matís, Stykkishólmsbæjar, Náttúrustofu Vesturlands, Háskólasets Snæfellsness auk fulltrúa þriggja þörungaverksmiðja sem þegar starfa á Breiðafjarðarsvæðinu eða hyggja á vinnslu við Breiðafjörðinn.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka I*.

Kostnaður við störf nefndarinnar


Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2015 námu 8,4 millj. kr.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2015

Fjárheimild ársins 2014	8.400.000	
Samstarfssamningar:		
Sverrir Jakobsson vegna sögu Breiðafjarðar		500.000
Náttúrustofa Vesturlands vegna rannsókna- og vöktunaráætlunar vegna þörungatekju		1.000.000
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2014		389.651
Akstur, bílaleigubílar, gistirými og dagpeningar		1.580.038
Annar kostnaður vegna funda		61.430
Fundur með sveitarfélögum við Breiðafjörð, húsaleiga		6.000
Útgáfa og miðlun:		
Nytjabæklingur, uppsetning, þýðing og prentun		515.000
Endurprentun bæklinga (Náttúra Breiðafjarðar og Fuglalíf á Breiðafirði)		758.869
Endurnýjun heimasíðu, samningur við ANOK margmiðlun		403.226
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.460.414
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		24.606
Auglýsingar		9.756
Vextir, bætur, skattar		15.618
Opinber gjöld		68.782
Alls	8.400.000	7.793.390
		-606.610

8.400.000 8.400.000

Eins og sjá má á myndinni hérna að neðan hefur ríkisframlag til Breiðafjarðarnefndar lækkað hlutfallslega um 42% á árabilinu 2003-2016.



Starfsemi á árinu 2015

Umsögn um erindi

Á árinu 2015 fjallaði Breiðafjarðarnefnd um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í meðfylgjandi fundargerðir í [viðauka I](#). Listi yfir innsend og útsend erindi er í [viðauka II](#).

Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019

Í febrúar 2015 staðfesti umhverfis- og auðlindaráðherra nýja verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. Í kjölfarið var áætlunin send sveitarfélögum við fjörðinn auk þess sem hún var gerð aðgengileg á netinu. Nefndin hefur unnið samkvæmt áætluninni síðan hún var staðfest enda um gott og nauðsynlegt stjórnþæki að ræða.

Áform um aukna þörungatekju úr Breiðafirði

Árið 2015 varð ljóst að áform væru uppi um aukna nýtingu sjávargróðurs á Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd ályktaði að ekki væri til nægilega mikið af rannsóknum á svæðinu og nauðsynlegt væri að fá upplýsingar um hvað fjörðurinn gæti gefið af sér án þess að það hefði áhrif á lífríkið. Breiðafjarðarnefnd lagði áherslu á að mikilvægt væri að hefja rannsóknir á lífríkinu sem fyrst.

Í kjölfarið samþykkti Breiðafjarðarnefnd að verða að ósk Náttúrustofu Vesturlands um 1.000.000 króna framlag til þess að útbúa rannsókna- og vöktunaráætlun fyrir Breiðafjörð m.t.t. þörungatekju. Áætlunin yrði tilbúin á vormánuðum 2016. Í því samhengi taldi nefndin undarlegt að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti væru ekki í forsvari fyrir að vinna slíka áætlun. Formaður nefndarinnar sendi af því tilefni bréf til þessara ráðuneyta þar sem bent var á afstöðu nefndarinnar.

Samráðsfundur vegna hugmynda um svæðisskipulag

Breiðafjarðarnefnd sendi sveitarfélögum við Breiðafjörð bréf þar sem verndaráætlun Breiðafjarðar var kynnt og hugmyndir nefndarinnar um stækkun svæðisins og sameiginlegt svæðisskipulag voru viðraðar. Nefndin boðaði um leið til fundar með fulltrúum sveitarfélaganna og var sá fundur haldinn á Reykhólum þann 3. nóvember 2015.

Fundurinn var haldinn á Reykhólum og á hann mættu ellefu fulltrúar frá þeim sjö sveitarfélögum sem tilheyra Breiðafjarðarsvæðinu.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktun til sveitarstjórna við Breiðafjörð:

Sameiginlegur fundur fulltrúa sveitarfélaga við Breiðafjörð og Breiðafjarðarnefndar, haldinn að Reykhólum 3. nóvember 2015, beinir því til allra sveitarfélaga við Breiðafjörð að þau taki afstöðu til þess hvort koma eigi á svæðisskipulagsnefnd sem vinni að gerð svæðisskipulags fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar. Svæðisskipulagið yrði unnið í nánú 3 samstarfi við Breiðafjarðarnefnd í samræmi við

lög um vernd Breiðafjarðar og verndaráætlun fyrir svæðið. Eins og lög kveða á um verði svæðisskipulagið einnig unnið í samstarfi við landeigendur og aðra hagsmunaðila eftir því sem við á. Samhliða svæðisskipulagi sveitarfélaga við Breiðafjörð verði unnið að stefnumótun fyrir nýtingu og vernd hafsvæðis Breiðafjarðar. Markmiðið verði að tryggja að saman fari vernd og nýting til framtíðar og að lagaumhverfi um vernd og nýtingu verði skýrt.

Ályktun fundarins var send sveitarfélögum við Breiðafjörðinn og óskað eftir umsögn þeirra. Frestur var gefinn þar til í byrjun árs 2016.

Örnefna og fornminjaskráningar

Í samræmi við samþykkt á fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var Náttúrustofa Vestfjarða styrkt um 1.000.000 króna til áframhaldandi örnefnaskráningar. Einnig veitti nefndin Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna 695.000 króna styrk til úrvinnslu gagna úr fornleifaskráningu í Flatey á Breiðafirði. Við lok ársins 2015 var allri grunnvinnu vettvangsskráninga fornleifa í Flatey lokið. Næsta skref var að ljúka vinnslu loftmynda og skrifa samantektarskýrslu. Stefnt var að því að vinna göngu-/minjakort í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og heimamenn. Stefnan var sú að skýrsla yrði tilbúin í fyrri hluta árs 2016.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Fuglalíf á Breiðafirði“ og „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð. Einnig eru bæklingarnir aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar. Árið 2015 lét nefndin endurprenta báða bæklingana, bæði á íslensku og ensku.

Nefndin hélt áfram vinnu við undirbúning á útgáfu svokallaðs hlunnindabæklinga fyrir Breiðafjörðinn. Nefndarmenn sáu um að finna viðeigandi myndir í bæklinginn og gerður var samningur við Anok margmiðlun í Stykkishólmi um uppsetningu á bæklingnum. Áætlað er að bæklingurinn fari í prentun á vormánuðum 2016.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun, vöktunar- og rannsóknáætlun fyrir Breiðafjörð, skýrsluna „Örnefni í sjó á Breiðafirði“, stöðuskýrslu um náttúrufar á Breiðafirði, útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðar.

Bæklingar nefndarinnar „Breiðafjörður – Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ eru einnig aðgengilegir á heimasíðunni.

Ýmsar aðrar upplýsingar og myndir frá Breiðafirði er einnig að finna á heimasíðunni.

Breiðafjarðarnefnd samþykkti í lok árs 2015 að endurnýja heimasíðu nefndarinnar og tengja hana við helstu samfélagsmiðla. Gerður var samningur við Anok margmiðlun í Stykkishólmi um að sjá um verkið. Stefnt er að því að verkinu verði lokið seinni part árs 2016.

Saga Breiðafjarðar, 2. bindi

Breiðafjarðarnefnd hefur veitt styrki til Sverris Jakobssonar og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands til ritunar á sögu Breiðafjarðar. Seinni part ársins 2015 kom út Saga Breiðfirðinga I, Fólk og rými frá landnámi til plágunnar miklu. Breiðafjarðarnefnd samþykkti í lok árs 2015 að styrkja Sverri til áframhaldandi ritunar á sögu Breiðafjarðar.

Vettvangsferð

Þann 28. júlí 2015 fundaði nefndin í Sjávarsmiðjunni á Reykhólum. Við lok fundarins fékk nefndin kynningu á starfsemi Sjávariðjunnar og framtíðaráformum. Nefndin heimsótti svo Norðursalt þar sem Ingibjörg Smáradóttir kynnti starfsemina. Þar næst var Þörungaverksmiðjan á Reykhólum heimsótt og spjallað við Finn Árnason, framkvæmdastjóra. Að lokum var komið við hjá Bergsveini Reynissyni hjá Nesskel á Króksfjarðarnesi. Nefndin þakkar fyrir góðar móttökur og áhugaverðar samræður við þá aðila sem hún hitti.

Önnur mál

Öll önnur mál sem Breiðafjarðarnefnd fjallaði um á árinu og afgreiddi er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar í [Viðauka I](#) og yfirliti yfir innsend og útsend erindi í [Viðauka II](#).

Viðaukar

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar fylgja starfsskýrslunni þrír viðaukar.

[Viðauki – I:](#) Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

[Viðauki – II:](#) Yfirlit yfir innsend og útsend erindi

[Viðauki – III:](#) Skýrslur og bæklingar

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2015 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar

Halla S. Steinólfsdóttir

formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2015

144. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 14. janúar 2014 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Þórólfur Halldórsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir Magnús A. Sigurðsson og Erla Friðriksdóttir forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Svæðisgarðurinn Snæfellsness

Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri svæðisgarðsins Snæfellsness hélt kynningu fyrir Breiðafjarðarnefnd á svæðisgarðinum og talaði m.a. um mögulegt samstarf svæðisgarðsins við Breiðafjarðarnefnd.

Rannsóknir á gróðurfari og fuglalífi á Breiðafirði

Thomas Holm Carlsen og Árni Ásgeirsson frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Snæfellsnesi kortlögðu bæði gróðurfar og fuglalíf í 20 eyjum á Breiðafirði sumarið 2014. Thomas og Árni kynntu niðurstöður á rannsóknnum sínum á fundinum. Verkefnið er unnið í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fundargerð 143. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fyrirspurn frá Guðmundi Kr. Árnasyni

Guðmundur spyrst fyrir um skotveiði á Breiðafirði

Afgreiðsla:

Um veiðar á Breiðafirði gilda lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Þar fyrir utan gilda sérstakar reglur á friðlýstum svæðum innan verndarsvæðisins. Þá gilda lög um selskot og uppdráp á Breiðafirði, sjá <http://www.althingi.is/lagas/143b/1925030.html>.

Fyrir utan framangreint er enn í gildi *Tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849* eftir því sem við á á Breiðafirði, sjá <http://www.althingi.is/lagas/143b/1849206.html>.

Umhverfisstofnun fer með stjórn veiða skv. lögum nr. 64/1994 sem nefnd eru hér að framan.

Örnefnaskráning Náttúrustofu Vestfjarða

Lagt var fram minnisblað og kostnaðaráætlun Náttúrustofu Vestfjarða vegna örnefnaskráningar í Dalabyggð. Náttúrustofan hefur skráð niður örnefni frá 2010 á jörðum í Dalabyggð sem liggja að eða eru innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd hefur stutt verkefnið frá byrjun þess og mun halda því áfram eins og unnt er hverju sinni.

Afgreiðsla:

Nefndin samþykkir að veita Náttúrustofu Vestfjarða styrk vegna verkefnins að upphæð 1.002.000 kr.-

Styrkbeiðni frá Norska húsinu í Stykkishólmi

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdælinga sækir um styrk til Breiðafjarðarnefndar vegna fyrirhugaðrar sýningar; *Miðstöðvar og mangarar við Breiðafjörð* í Norska húsinu í Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hafnar umsókninni

Styrkbeiðni frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna fer þess á leit við Breiðafjarðarnefnd að veita Fornleifafélaginu styrk til úrvinnslu gagna úr fornleifaskráningu í Flatey á Breiðafirði

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að veita Fornleifafélaginu styrk að upphæð 695.000 kr.-

Fjármál 2014

Ritari lagði fram fjárhagsstöðu Breiðafjarðarnefndar í árslok 2014.

Önnur mál

Umræða var um gerð svæðisskipulags fyrir Breiðafjörð. Formanni falið að semja bréf til sveitarfélaganna við Breiðafjörð.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 13:30. Næsti fundur verður haldinn 18. febrúar 2015.

145. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 18. febrúar 2015 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir og Erla Friðriksdóttir forfölluðust.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 144. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Þóknun fyrir nefndarsetu 2014

Lögð voru fram drög að umsókn um þóknun og reiknaðar einingar vegna nefndarsetu í Breiðafjarðarnefnd á árinu 2014.

Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðarveg

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um erindi Skipulagsstofnunar sem lýtur að erindi Vegagerðarinnar til Skipulagsstofnunar dags. 12. janúar 2015 um endurupptöku hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006.

Sem fyrr tekur umsögn Breiðafjarðarnefndar fyrst og fremst til þess hluta framkvæmdar sem er á starfssviði nefndarinnar, og varðar þær veglínur sem fara um fjörusvæði, sker og hólma og þvera firði. Framkvæmdir á landi sem eru ofan fjörukambs, þ.m.t. vegagerð, eru ekki á starfssviði nefndarinnar. Byggir þetta á

skilgreiningu 2. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, sbr. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 22. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar þá áherslu sem nefndin hefur lagt á að við þverun fjarða sé brýnt að ávallt sé gert ráð fyrir því að sem næst full vatnsskipti verði tryggð í tíma og rúmi, þannig að leirur og fjörur innan þverana verði ekki fyrir teljandi áhrifum af vegagerðinni.

Fram kemur í beiðni Vegagerðarinnar að frá árinu 2005 hafa orðið mikilvægar breytingar í hönnunarforsendum fyrir þveranir fjarða með auknu tilliti til straumhraða sem miða að því að tryggja betur að sjávarfallabylgjan komist óhindruð í gegnum vatnsop þverunar og að straumhraði í gegnum vatnsopið verði ekki meiri en ásættanlegt er. Að teknu tilliti til þessara þátta leggur Vegagerðin til breytingar á brúarlengdum þannig að brú yfir Djúpafjörð verði 300 m löng í stað 176-182 m og brú yfir Gufufjörð verði 130 m í stað 120 m sem miðað var við árið 2005, einnig að brú yfir Þorskafjörð verði 260 m í stað 182 m. Að áliti Breiðafjarðarnefndar er um verulegar breytingar á fyrri forsendum að ræða og mikilvægt að skoða nánar í mati á umhverfisáhrifum.

Á uppdráttum nr. 6 og 7 í fylgiskjali með beiðni Vegagerðarinnar er ný veglína Þ-H sýnd í bláum lit á loftmyndum. Á milli stöðva 12000 og 14000 á veglínu Þ-H liggur veglínan yfir sjávartjarnir og fjörusvæði sem án vafa eru á verndarsvæði Breiðafjarðar og voru ekki tekin til skoðunar við fyrra mat á umhverfisáhrifum, en eru verulegar breytingar á fyrri forsendum og mikilvægt að skoða nánar í mati á umhverfisáhrifum að mati Breiðafjarðarnefndar.

Hvað varðar önnur atriði sem lúta að verndarsvæði Breiðafjarðar felast jákvæðar breytingar í áformum um að falla frá efnistöku í námum 6, 7b og 7d sem allar skarast við verndarsvæðið.

Þá hefur verið aflað nýrra og mikilvægra upplýsinga um áhrif vegagerðar á arnarvarp og með tillögu Vegagerðarinnar um veglínu Þ-H er gerð tillaga að veglínu sem fer hvergi nær arnarhreiddri en 500 m sem er breyting frá leið B. Að mati Breiðafjarðarnefndar er um verulega breytingu á fyrri forsendum að ræða að gera tillögu um veglínu sem fellur að ítrustu kröfum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og sem lætur ekki reyna á undanþáguákvæði 3. mgr. 19. gr.

Að mati Breiðafjarðarnefndar hafa forsendur frá 2006 breyst verulega við það að nýtt aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018 sem umhverfisráðherra staðfesti 24. ágúst 2009 gerir ráð fyrir legu Vestfjarðavegar nr. 60 milli Þórisstaða og Melaness um Hallsteinsnes og Grónes með þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar líkt og veglína Þ-H.

Að mati Breiðafjarðarnefndar er fullnægt skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um að veigamiklar ástæður mæli með því að málið verði tekið upp að nýju.

Að framangreindu virtu tekur Breiðafjarðarnefnd undir þann rökstuðning Vegagerðarinnar að veigamiklar ástæður mæli með endurupptöku á fyrrgreindum úrskurði um Vestfjarðaveg og mælir með því að Skipulagsstofnun fallist á beiðni Vegagerðarinnar þar að lútandi.

Trausti Baldursson bókar eftirfarandi:

Vegagerðin hefur óskað eftir endurupptöku hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 og varðar veglínu B í 2. áfanga Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Melaness. Vegagerðin hefur lagt fram ýmis lagaleg/stjórnsýsluleg rök fyrir því að taka eigi upp úrskurð Skipulagsstofnunar og máli sínu til

rökstuðnings leggur Vegagerðin fram tillögu að ýmsum breytingum á veglínu B sem hún telur að verði til þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði mun minni en áður var ætlað. Breytt veglína er nú auðkennd sem leið Þ-H. Rétt er að það komi fram að framangreindar breytingar á veglínu B fela fyrst og fremst í sér hnígun á veglínunni með utanverðum þorskaafirði að vestan, en áfram verða tveir firðir þveraðir og farin er „sama/ný“ leið um Teigskóg og Hallsteinsnes.

Nokkrar athugasemdir við framangreindar breytingar:

1. Við þverun fjarða verður vegur ekki lagður nær arnarsetrum en 500 metra og telst það jákvætt. Er það í samræmi við úrskurð Skipulagsstofnunar á sínum tíma, sem og niðurstöður umhverfisráðuneytis og dómstóla í kærum um málið. Engu að síður er um nýja vegalagningu að ræða sem mun auka truflun á viðkomandi svæði.
2. Brúarop verða víkkuð sem fyrst og fremst virðist gert til að minnka straumhraða til að minnka rof við brúarstólpa. Þverun fjarðanna mun jafnt eftir sem áður hafa óviss áhrif á lífríki og ekki er minnst á þangskurð í nýjum tillögum Vegagerðarinnar.
3. Til að reyna að minnka áhrif á Teigskóg er vegur á nokkuð löngum kafla á Hallsteinsnesi færður niður í fjöru. Verður að telja þau áhrif neikvæð án þess að farið sé í samanburð við fyrri veglínu og áhrif á skóginn.
4. Nánum á veglínu Þ-H er fækkað og telst það jákvætt.
5. Upplýsingar Vegagerðarinnar um áhrif á skóglendi vegna tilfærslu á veglínu eru afar villandi. Sagt er að veglínan sé á stórum kafla færð ofan við skóginn. Þetta virðist alls ekki rétt ef gögn málsins eru skoðuð. Kort 19 sýnir skiptingu á Teigskóg í svæði eftir aldri skógarins og þekju. Veglína Þ-H er á löngum kafla bæði innan svæðis 3 og 4, 60-100 ára skógur með 40-80% þekju (lengst af svæði 4, 80% þekja).
6. Veghæð er lækkuð en veglína verður hærra í landi. Landslagsáhrif eru óviss og alls ekki víst að tilfærslan sé til bóta.
7. Endurheimt skóga meðfram vegum er til bóta.
8. Heildaráhrif af veglínu Þ-H á landslag verða þau sömu og jafnvel verri, hækkun vegar í landi, en af veglínu B. Ef að þverun fjarðanna verður fjölgar enn þeim fjörðum sem eru þveraðir á svæðinu.

Ef litið er á nýjar tillögur Vegagerðarinnar virðast heildaráhrif ekki breytast verulega þó færri námur og tilfærsla á vegi við arnarsetur sé vissulega til bóta. Vegagerðin ákveður ekki að leggja fram veglínu D vegna óljósra raka um að ekki verði hægt að fallast á veg þar sem vegur er fyrir. Leið D með lagfæringum er vissulega framkvæmdakostur enda nú þegar samþykkt leið. Leið D2 (og leið D) virðist lang skynsamlegasti kosturinn bæði vegna áhrifa á umhverfi svo og vegna kostnaðar. Ekki síst vegna þess að honum má auðveldlega áfangaskipta og hefja framkvæmdir strax. Undirritaður telur að þar sem að það eru augljósir aðrir kostir í stöðunni, en leið Þ-H, sem bæði munu flýta verulega fyrir vegabótum á svæðinu og hafa auk þess mun minni áhrif á náttúru svæðisins þá hafi Vegagerðin ekki fært nægjanlega góð rök fyrir því að nauðsynlegt sé að taka upp úrskurð Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 varðandi veglínu B.

Önnur mál

Halla og Guðríður fóru til fundar við Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra fimmtudaginn 19. febrúar til að kynna verndaráætlun Breiðafjarðar.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 13:10. Næsti fundur verður haldinn 18. mars 2015.

146. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 28. júlí 2015 í Sjávarsmiðjunni á Reykhólum

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður (í símasambandi), Sigurður Þórólfsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Magnús A. Sigurðsson, Erla Friðriksdóttir og Arnheiður Jónsdóttir. Trausti Baldursson forfallaðist.

Fundarritarar: Theódóra Matthíasdóttir og Pálmi Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:45.

Fundargerð 145. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Nýtingarleyfi Félagsbúsins Miðhraun sf. vegna öflunar á þangi og þara

Orkustofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar varðandi umsókn Félagsbúsins Miðhrauni sf. fyrir nýtingarleyfi til öflunar á 6000 tonnum af þangi og þara, utan netlaga, úr Breiðafirði.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki sé til nægilega mikið af rannsóknum sem hægt er að byggja umsögnina á. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það hvað fjörðurinn getur gefið af sér án þess að það hafi áhrif á lífríkið. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum þar sem um er að ræða viðbót við það sem þegar er verið að nýta. Breiðafjarðarnefnd hefur upplýsingar um aukinn áhuga á nýtingu úr firðinum og leggur því áherslu á að mikilvægt sé að hefja ítarlegar rannsóknir á lífríkinu sem fyrst.

Reglugerð um meðferð varnarefna

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um greinar 26. og 27. í drögum að reglugerð varðandi meðferð varnarefna.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við efni reglugerðarinnar en telur eðlilegt að nefndin verði upplýst ef veittar verða undanþágur um notkun varnarefna á verndarsvæðinu.

Fjármál 2015

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun fyrir Breiðafjarðarnefnd fyrir árið 2015.

Afgreiðsla:

Tekin var ákvörðun um að ljúka við gerð „nytjabæklings“ á íslensku og ensku. Efnið er nokkuð klárt fyrir utan nokkrar myndir. Samþykkt að leita til Drífu Árnadóttur um uppsetningu bæklingsins.

Ljúka þarf þeim verkefnum sem þegar hefur verið byrjað á, svo sem örnefnaskráningu. Samþykkt að líta til samþykkrar verndaráætlunar hvað varðar næstu verkefni nefndarinnar.

Ný heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Leitað var eftir tilboðum í gerð nýrrar heimasíðu. Tilboð barst frá Tónaflóði en leitað verður eftir fleiri tilboðum.

Afgreiðsla:

Samþykkt að nærtækast sé að óska eftir tilboðum frá fyrirtækjum í heimabyggð.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd barst ábending vegna aukinnar komu skemmtiferðaskipa á Breiðafjörð (t.d. Stykkishólm og Grundarfjörð) sem bjóða meðal annars upp á slöngubátaferðir fyrir farþega. Nefndin telur mikilvægt að umfjöllun um þessi mál fari af stað og reglur og kynningarefni verði sett upp fyrir farþega þessara skipa.

Endurskoða þarf skilti Breiðafjarðarnefndar í Flatey. Dagsetningum á skiltum í Flatey um lokun svæða ber ekki saman við verndaráætlun.

Pálma ritara þökkuað góð störf í þágu Breiðafjarðarnefndar.

Eftir fundinn heimsótti nefndin Norðursalt og Ingibjörg Smáradóttir kynnti starfsemina. Þar næst var Þörungaverksmiðjan á Reykhólum heimsótt og spjallað við Finn Árnason, framkvæmdastjóra. Að lokum var komið við hjá Bergsveini Reynissyni hjá Nesskel á Króksfjarðarnesi.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 12:20. Næsti fundur verður haldinn 27. ágúst 2015.

147. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. ágúst 2015 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Magnús A. Sigurðsson (MAS), Erla Friðriksdóttir (EF), Trausti Baldursson (TB) og Arnheiður Jónsdóttir (AJ).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 146. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar og verndaráætlun – hvað er brýnast?

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram auk lista yfir verkefni í verndaráætlun.

Afgreiðsla:

Nefndin ákvað að nýta það fjármagn sem eftir er á rekstraráætlun í annars vegar fundarhöld vegna samvinnu/undirbúnings við gerð svæðisskipulags og hins vegar í gerð fræðsluefnis.

Farið yfir lista verkefna sem eru á verndaráætlun og þeim forgangsraðað. Vilji nefndarinnar er að halda áfram með og klára þau verkefni sem þegar eru hafin.

Í verndaráætlun er lögð áhersla á að gera svæðið aðgengilegt til útivistar án þess að ganga á náttúru- eða menningarminjar þess. Nefndin telur brýnast að nýta það fjármagn sem til er á þessu ári í gerð og útgáfu bæklinga/fræðsluefnis sem m.a. mundi fjalla um umgengisreglur um náttúru svæðisins, leiðbeinandi reglur um umferð vélknúinna farartækja á verndarsvæðnu, siglingarleiðir og viðkvæm svæði og öryggismál sbr. liði

4.2 og 4.6 í verndaráætlun. Nefndin ákvað að leita tilboða hjá Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða í gerð og uppsetningu bæklingins.

Bréf frá Breiðafjarðarnefnd vegna verndaráætlunar

Drög að bréfi frá Breiðafjarðarnefnd til sveitarfélaga vegna verndaráætlunar og hugmynda um sameiginlegt svæðisskipulag lesið upp.

Afgreiðsla:

Bréfið verður sent út til sveitarfélaga ásamt útprentuðu eintaki af verndaráætlun Breiðafjarðar. Í bréfinu verður einnig boðað til fundar sveitarstjórnarmanna og Breiðafjarðarnefndar í Reykhólasveit til að ræða hugmyndir um sameiginlegt svæðisskipulag fyrir verndarsvæðið og hvernig standa má að gerð þess þ.m.t. fjármögnun skipulagsins o.s.frv. Fundurinn gæti þannig orðið fyrsta skref að sameiginlegu svæðisskipulagi fyrir Breiðafjörð.

Hlunnindabæklingur

Drög að bækling skoðuð auk mynda sem til eru í safni Breiðafjarðarnefndar. Árni Ásgeirsson fenginn á fundinn til að gera grein fyrir sinni vinnu við bæklinginn.

Afgreiðsla:

Drífa Árnadóttir hefur þegar unnið að uppsetningu bæklingins en enn er langt í land. Vegna breyttra aðstæðna telur nefndin að leita beri eftir tilboðum til að ljúka við bæklinginn í heimabyggð. Mikilvægt er að nefndin útvegi myndir í bæklinginn sem fyrst. MAS, EF og TM munu sjá um þá vinnu.

Ný heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla:

Óskað verður eftir tilboðum í gerð nýrrar heimasíðu frá fyrirtækjum á svæðinu. Breiðafjarðarnefnd telur að einföld heimasíða með tengingu við helstu samfélagsmiðla sé heppilegust.

Önnur mál

Ósk frá Sverri Jakobssyni um styrk til útgáfu fyrsta bindis af Sögu Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd hefur þegar styrkt gerð fyrsta bindis Sögu Breiðafjarðar og telur ekki ástæðu til að styrkja útgáfuna sem slíka þar sem útgáfan er nú í höndum útgefanda/forlags.

Gróðurfarsrannsóknir í eyjum Breiðafjarðar

Árni Ásgeirsson gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en skil verkefnisins eru í höndum Thomasar Holm. Samkvæmt upplýsingum frá Árna og Thomasi er skýrslan vel á veg komin og verður líklega tilbúin um miðjan október.

Flatey

UST er að vinna endurskoðun á auglýsingunni um friðland á Flatey og er að auki að vinna að nýrri verndaráætlun fyrir friðlandið. Þegar drögin liggja fyrir er brýnt að Breiðafjarðarnefnd lesi þau yfir.

Lög um verndarsvæði í byggð

Í vor tóku í gildi lög um vernd minja í byggð sem taka líka til umhverfis. Þar er komið tæki til þess að vernda/friða þorpið í Flatey sem heildstæða mynd með mýrinni.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:50. Áætlað er að næsti fundur verði haldinn 29. september 2015.

148. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. október 2015 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Erla Friðriksdóttir (EF), Magnús A. Sigurðsson (MAS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 147. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar - staða

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Ljóst er að eitthvað fjármagn er til í smærri verkefni. Nefndin ákvað að setja fjármagn í umgengni- og öryggisbækling. Ákveðið að MAS ræði við Fornleifafélagið, sem þegar hefur lokið við fornleifaskráningar við Skáleyjar, um að ráðast í örnefnaskráningar og skráningu siglingaleiða á sama svæði. Gefa þessar upplýsingar út í sama plaggi.

Hlunnindabæklingur – staða

Farið yfir tilboð frá ANOK margmiðlun í uppsetningu bæklinga. Myndir fyrir bækling skoðaðar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að taka tilboði ANOK í uppsetningu á hlunnindabæklingi. EF, MAS og TM halda áfram að undirbúa bækling fyrir uppsetningu og gera tillögu.

Tilboð í heimasíðu Breiðafjarðarnefndar

Farið yfir tilboð frá ANOK margmiðlun í endurnýjun á heimasíðu.

Afgreiðsla:

Samþykkt að taka tilboði ANOK. TM leitar tilboða í hýsingu hjá TSC í Grundarfirði.

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að matsáætlun vegna Vestfjarðavegar (Bjarkarlundur-Skálanes).

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við matsáætlun.

Beiðni skipulags- og byggingafulltrúa Reykhólahrepps um umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi vegna Tröllenda á Flatey

Reykhólahreppur óskar eftir umsögn. Uppráttur skoðaður.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að deiliskipulagstillaga sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Nefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna svo framarlega að samráð sé haft við Minjastofnun Íslands.

Beiðni skipulags- og byggingafulltrúa Reykhólahrepps um umsögn á deiliskipulagstillögu Sjávarsmiðjunnar á Reykhólum

Afgreislá:

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir erindið. Nefndin telur að framkvæmdin lagi sig vel að umhverfinu, bæði hvað varðar menningarminjar, fornminjar og náttúrufar. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna að því gefnu að farið verði eftir þeim tillögum sem fram koma um vernd umhverfis og náttúru.

**Fundur Breiðafjarðarnefndar með sveitarfélögum vegna undirbúningsvinnu fyrir svæðisskipulag
Afgreiðsla:**

Tilgangur fundarins áréttaður og dagskrá samin. Dagskrá verður send til fundarmanna.

Önnur mál***Aukin umsvif þang- og þaratekju á Breiðafirði***

Framlagt bréf frá Reykhólahreppi, dags. 14. september 2015, vegna aukinna umsvifa í þang- og þaratekju á Breiðafirði.

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir áhyggjum af aukinni nýtingu á þangi og þara á Breiðafirði án þess að rannsóknir um áhrif á lífríki fjarðarins fari fram og hugað verði að umhverfisáhrifum.

Umgengni- og öryggisbæklingur

Breiðafjarðarnefnd stefnir að útgáfu „umgengni- og öryggisbæklings“ fyrir Breiðafjörð. Önnur hliðin sýnir kort þar sem merkt eru inn verndarsvæði, t.d. vegna æðarvarps og öruggar siglingaleiðir. Hin hliðin sýnir upplýsingar um svæðið.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:15. Næsti fundur er áætlaður 8. desember 2015.

149. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 9. desember 2015 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (GP) varaformaður, Ásgeir Gunnar Jónsson (ÁGJ), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Magnús A. Sigurðsson (MAS), Sigurður Þórólfsson (SP), Trausti Baldursson (TB) og Þórólfur Halldórsson (PH).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 148. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar - staða

Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram.

Afgreiðsla:

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir gerð öryggisbæklings. Samþykkt að bíða með að leggja út í kostnað vegna hans á þessu ári þar sem forsendur eru ekki tilbúnar að fullu.

Samþykkt að bæta við þýðingu vegna hlunnindabæklings. Fá tilboð í þýðingu yfir á ensku.

Hlunnindabæklingur og heimasíða – staða**Afgreiðsla:**

Samþykkt að gera samning við ANOK fyrir áramót um greiðslur á árinu 2015. TM óskar eftir tilboði í prentun hjá GuðjóniÓ og athugar með samning um prentun fyrir áramót. TM gerir samning um þýðingu.

Fundargerð frá fundi nefndarinnar með sveitarfélögum á Reykhólum

Fundargerð upplesin.

Afgreiðsla:

TM sendir minnispunkta frá fundinum og ályktun fundarins til sveitarstjórna.

Samþykkt að kynna ályktun fundarins fyrir þeim ráðuneytum sem eiga hlut að máli.

Bréf frá Guðrúnu Öldu Gísladóttur um fornleifaskráningu í Flatey, erindi frá Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna

Allri grunnvinnu vettvangsskráninga fornleifa í Flatey lokið. Næsta skref að ljúka vinnslu loftmynda og skrifa samantektarskýrslu. Stefnt að því að vinna göngu-/minjakort í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd og heimamenn. Skýrslan tilbúin í byrjun nýs árs og óskar Fornleifafélagið eftir að fá að koma og halda kynningu fyrir nefndina og sveitarstjórn Reykhólahrepps.

Afgreiðsla:

Nefndin gleðst yfir þessum áfanga. Samþykkt að TM hafi samband við Guðrúnu Öldu og athugi hvort Breiðarfjarðarnefnd geti fengið kynningu á nýju ári.

MÁS hefur haft samband við fornleifafélagið og óskað eftir því að örnefnaskráningu verði bætt við verkið í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd. ÁGJ bendir á nauðsyn þess að leggja áherslu á að hægt sé að flytja öll gögn sem unnin eru yfir í gagnagrunn Landmælinga Íslands.

Ósk UST um afstöðu Breiðafjarðarnefndar til tillögu að endurskoðun á friðlandsmörkum og lokunartíma friðlandsins í Flatey

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við að friðlýsingarmörkum verði breytt sem og lokunartíma friðlandsins.

Vestfjarðavegur (61), ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Afgreisla:

Matsáætlun lögð fram fyrir nefndina.

Þang- og þaratekja á Breiðafirði

TM gerði grein fyrir fundi sem hún sat þann 12. nóvember í Stykkishólmi. Á fundinn boðaði bæjarstjóri Stykkishólms í samstarfi við Hafró. Á fundinum sátu fulltrúar Hafró, Matís, Stykkishólmsbæjar, Náttúrustofu Vesturlands, Háskólaseturs Snæfellsness auk fulltrúa þriggja þörungaverksmiðja sem þegar starfa á Breiðafjarðarsvæðinu eða hyggja á vinnslu við Breiðafjörðinn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir óánægju með að nefndin hafi ekki fengið boð um að sitja þennan fund. Nefndin leggur áherslu á nauðsyn þess að rannsóknir verði framkvæmdar á lífríki fjarðarins í heild sinni til þess að meta afkastagetu hans áður en hafist er handa við stórauðna öflun þangs og þara.

Erindi frá Náttúrustofu Vesturlands (NSV), mikilvægi rannsókna og vöktunar lífríkis Breiðafjarðar vegna aukinnar þörungatekju úr firðinum og ósk um framlag frá Breiðafjarðarnefnd til að útbúa rannsókna- og vöktunaráætlun.

Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður NSV kom á fundinn og kynnti erindið. Ekki bara mikilvægt að rannsaka útbreiðslu og vaxtarhraða nytjategunda á Breiðafirði heldur líka að beina sjónum að áhrifum aukinnar nýtingar á allt lífríki í firðinum. Engin stofnun á Íslandi sem getur gert þetta ein og óstudd og því er samstarf nauðsynlegt. Nefnir sem dæmi Hafró, Náttúrufraeðistofnun, Náttúrustofur, Vör og Háskólasetur.

Rannsókn- og vöktunaráætlun þyrfti að liggja fyrir vorið 2016 og rannsóknir að hefjast fyrir sumarið. NSV óskar eftir 1,5 milljón króna til þess að útbúa slíka áætlun.

Afreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að styrkja verkefnið um eina milljón króna með fyrirvara um að farið verði í það.

Nefndin telur undarlegt að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið séu ekki í forsvari fyrir að vinna slíka áætlun. Ráðuneyti ættu að setja skilyrði fyrir rekstrarleyfum um að starfsemi beri kostnað af áætlanagerð og rannsóknum og vöktun. Formanni falið að senda bréf á ráðuneytin þar sem bent er á afstöðu nefndarinnar til aukinnar öflunar þara og þangs á Breiðafjarðarsvæðinu.

Fjárlög 2016

Afgreiðsla:

Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 fær nefndin 8,8 milljónir.

Önnur mál

Ritun sögu Breiðafjarðar

Nefndin samþykkir að haft verði samband við Sverri Jakobsson og óskað eftir umsókn um styrk vegna ritunar annars bindis sögu Breiðafjarðar.

Ársfundur Minjastofnunar

Þar kom fram að verið er að stofna félag eigenda á verndarsvæði menningarminja.

Ný lög um verndarsvæði í byggð

Möguleikar til friðlýsingar á þorpinu í Flatey.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:20. Næsti fundur er áætlaður 20. janúar 2016.

Yfirlit yfir innsend og útsend erindi árið 2015

Innsend erindi 2015

6. janúar 2015. Guðmundur Kr. Árnason.

Efni: Fyrirspurn um veiðibann á Breiðafirði.

21. janúar 2015. Rut Kristinsdóttir, Skipulagsstofnun.

Efni: Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg.

18. febrúar 2015. Hildigunnur Haraldsdóttir, Hús og Skipulag.

Efni: Umsögn – Lýsing og matslýsing vegna aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031.

25. febrúar 2015. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingafulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Skáley Hvammsfirði.

18. maí 2015. Félagsbúið Miðhrauni.

Efni: Umsókn til Orkustofnunar, Félagsbúið Miðhrauni.

20. maí 2015. Þórarinn Sveinn Arnarsson og Jónas Ketilsson, Orkustofnun.

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Félagsbúsins Miðhrauni sf. fyrir nýtingarleyfi til öflunar á 6.000 tonnum af þangi og þara, utan netlaga, úr Breiðafirði.

27. maí. Rut Kristinsdóttir, Skipulagsstofnun.

Efni: Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg.

8. júní 2015. Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.

Efni: Skemmtiferðaskip.

3. júlí 2015. Björn Gunnlaugsson, Umhverfisstofnun.

Efni: Drög að reglugerð um meðferð varnarefna – til umsagnar.

11. ágúst 2015. Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasögu, Háskóla Íslands.

Efni: Saga Breiðafjarðar – útgáfustyrkur.

7. september 2015. Magnea I. Kristinsdóttir, Umhverfisstofnun.

Efni: Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey.

14. september 2015. Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Efni: Aukin umsvif í þang- og þaratekju á Breiðafirði.

25. september 2015. Þóroddur F. Þóroddsson, Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur Bjarkalundur – Skálanes, beiðni um umsögn.

28. september 2015. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey.

28. september 2015. Lára Kristín Traustadóttir, Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Efni: Drög að reglugerð um meðferð varnarefna til umsagnar.

15. október 2015. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskipulagstillaga vegna Sjávarsmiðjunnar á Reykhólum.

26. október 2015. Hulda Birna Albertsdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.

Efni: Örnefnaskráning.

12. nóvember 2015. Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna.

Efni: Fornleifaskráning í Flatey.

25. nóvember 2015. Hákon Ásgeirsson og Hildur Vésteinsdóttir, Umhverfisstofnun.

Efni: Flatey – endurskoðun á friðlandsmörkum og lokunartíma friðlandsins.

2. desember 2015. Þóroddur F. Þóroddsson, Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur (61), ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

3. desember 2015. Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingafulltrúi Dala, A-Barðastrandasýslu og Árneshrepps í Strandasýslu.

Efni: Lýsing vegna deiliskipulagstillögu í Ólafsdal Dalabyggð.

6. desember 2015. Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee, Náttúrustofu Vesturlands.

Efni: Mikilvægi rannsókna og vöktunar lífríkis Breiðafjarðar vegna aukinnar þörungatekju úr firðinum og ósk um framlag frá Breiðafjarðarnefnd til að útbúa rannsókna- og vöktunaráætlun.

16. desember 2015. Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasögu, Háskóla Íslands.

Efni: Saga Breiðafjarðar – styrkur til ritunar sögu Breiðafjarðar.

Útsend erindi 2015

5. febrúar 2015. Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.

Efni: Styrkbeiðni vegna úrvinnslu fornleifaskráningar í Flatey á Breiðafirði.

18. febrúar 2015. Skipulagsstofnun.

Efni: Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg.

26. mars 2015. Byggingafulltrúi Snæfellsbæjar.

Efni: Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031. Tillaga matslýsingar og skipulagslýsingar 20. janúar 2015.

27. mars 2015. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Dalabyggðar.

Efni: Skáley á Hvammsfirði

20. júlí 2015. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Efni: Umsókn um þóknun.

30. júlí 2015. Umhverfisstofnun.

Efni: Beiðni um umsögn vegna draga að reglugerð um meðferð varnarefna.

30. júlí 2015. Orkustofnun.

Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar Félagsbúsins Miðhrauni sf. fyrir nýtingarleyfi til öflunar á 6000 tonnum af þangi og þara, utan netlaga, úr Breiðafirði.

31. ágúst 2015. Náttúrustofa Vestfjarða.

Efni: Örnefnarskráningar.

24. september 2015. Stykkishólmsbær.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Grundarfjörður.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Helgafellssveit.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Dalabyggð.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Reykhólahreppur.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Vesturbyggð.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

24. september 2015. Snæfellsbær.

Efni: Samráðsfundur sveitarfélaga um heildstætt svæðisskipulag fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar.

28. október 2015. Sverrir Jakobsson, Háskóla Íslands.

Efni: Beiðni um styrk vegna útgáfu fyrsta bindis Sögu Breiðafjarðar.

4. nóvember 2015. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskippulagstillaga Sjávarsmiðjunnar á Reykhólum.

4. nóvember 2015. Skipulagsstofnun.

Efni: Vestfjarðavegur, Bjarkarlundur-Skálanes. Umsögn.

4. nóvember 2105. Bogi Kristinsson Magnusen. Skipulags- og byggingafulltrúi Reykhólahrepps.

Efni: Deiliskipulag fyrir Trollenda í Flatey.

16. desember 2015. Sverrir Jakobsson, Háskóla Íslands.

Efni: Saga Breiðafjarðar – styrkur til ritunar sögu Breiðafjarðar.

18. desember 2015. Umhverfisstofnun.

Efni: Endurskoðun á friðlandsmörkum og lokunartíma friðlandsins í Flatey.

VIÐAUKI – III

Skýrslur og bæklingar

Breiðafjarðarnefnd eða einstakir nefndarmenn hafa gefið út eða óskað eftir að eftirfarandi skýrslur og bæklingar verði unnar vegna verndar Breiðafjarðar:

1995. Ævar Petersen og Guðmundur A. Guðmundsson. Breiðafjörður West Iceland A Marine Conservation Area, WWF Arctic Bulletin, 3, 20 bls.

1998. Ævar Petersen, Guðríður Þorvarðardóttir, J. Pagnan & Sigmundur Einarsson

1998. Breiðafjörður: West-Iceland. An Arctic marine protected area. Parks 8(2): 23-28.

1999. Guðríður Þorvarðardóttir. Verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004. Breiðafjarðarnefnd, 92 bls.

2004. Benedikt Eypórsson tók saman. Útgefnar heimildir um jarðir, ábúendur, búnaðarhætti og fleira sem tengist sögu Breiðafjarðarsvæðisins. Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2004. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Breiðafjörður – Náttúra og saga”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2005. Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd, 66 bls.

2006. Kynningarbæklingur um Breiðafjörð “Fuglalíf á Breiðafirði”. Náttúrustofa Vesturlands vann fyrir Breiðafjarðarnefnd.

2007. Guðrún Gísladóttir og Hjördís Linda Jónsdóttir. Örnefni í sjó á Breiðafirði. Raunvísindastofnun Háskóla Íslands og Breiðafjarðarnefnd, 25 bls.

2007. Ritstj. Róbert Arnar Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12. – 13. september 2007. Breiðafjarðarnefnd, 22 bls.

2009. Ritstj. Magnús A. Sigurðsson, Ragnar Edvardsson og Svavar Sigmundsson. Menningarminjar á Breiðafirði – Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 17. – 18. apríl 2009. Breiðafjarðarnefnd, 17 bls.

2014. Breiðafjarðarnefnd. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, 97 bls.

Ofangreindar skýrslur og bæklinga er hægt að nálgast á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar á slóðinni <http://breidafjordur.is/Utgafa/index.htm>